

Heimaþjónustan

Um hvað snýst endurhæfing í heimahúsi?

Endurhæfing í heimahúsi er tímabundin og persónumiðuð þjónusta sem getur varað allt að þrjá mánuði. Stuðningurinn er mikill til að byrja með en breytist eftir því sem færni eykst.

Markmiðið er að auka sjálfsbjargargetu og félagslega þátttöku fólks með ráðgjöf, þjálfun, leiðbeiningum í orkusparandi vinnuaðferðum, hreyfingu, notkun hjálpartækja og velferðartækni.



Endurhæfing í heimahúsi er hluti af heimaþjónustu Reykjavíkurborgar. Tilgangur þjónustunnar er að auka sjálfsbjargargetu fólks og þátttöku í samfélaginu.

Nánari upplýsingar má nálgast í síma **411-9600**, með því að senda tölvupóst á heima@reykjavik.is eða á vefsíðu Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/thjonusta/endurhaefing-i-heimahusi>

Endurhæfing í heimahúsi

Hvað skiptir þig máli að geta gert?

*Að takast á við daglegt líf
þjálfun, ráðgjöf og stuðningur*



Notast er við mælitækið COPM (Canadian occupational performance measure) sem með aðstoð fagaðila hjálpar þér að greina þann iðjuvanda sem þú upplifir og það sem skiptir þig máli í daglegu lífi.



Hvernig fer endurhæfing í heimahúsi fram?

Endurhæfingin er skipulögð út frá forgangs röðun notanda og því sem honum þykir mikilvægast. Áætlunin er í sífelldri endurskoðun gegnum allt ferlið.

Þjálfunin fer að miklu leyti fram inn á heimili þínu og í því umhverfi sem er þér mikilvægt.

Fagfólk í endurhæfingarteymi styður við þann hluta athafna sem þú getur ekki framkvæmt án aðstoðar, á meðan þú er að ná upp fyrri færni eða tileinka þér nýjar aðferðir.

Þegar endurhæfingu lýkur tekur við regluleg eftirfylgni í 12 mánuði.

Fyrir hverja er endurhæfingin?

Endurhæfing í heimahúsi býðst fólki sem eru metið í þörf fyrir heimaþjónustu.

Endurhæfingarteymi

Endurhæfingarteymin í borginni eru þrjú og í hverju þeirra starfa iðjupjálfi, hjúkrunarfræðingur, sjúkráþjálfari eða íþróttafræðingur, sjúkraliðar og félagsliðar. Næringarfræðingur veitir einnig ráðgjöf.

